

**105. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
10. maí 2019 og hófst hann kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1904144 - Ytra mat grunnskóla

Menntamálastofnun hefur framkvæmt ytra mat á Grundaskóla sem er grundvallað á lögum nr. 91/2008 um grunnskóla, gildandi reglugerðum um mat og eftirlit og þriggja ára áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úttektir á grunnskólastigi.

Markmið með ytra mati á grunnskólum eru meðal annars þau að vera hvati til frekari skólapróunar, að styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi og styðja og efla innra mat og gæðastjórnun skóla.

Í matinu var lögð áhersla á fjóra þætti; stjórnun og forystu, nám og kennslu, vinnubrögð við innra mat og fjórði þátturinn skóli án aðgreiningar.

Nú liggur fyrir skýrsla menntamálastofnunar á ytra mati skólans.

Sigurður Arnar Sigurðsson skólastjóri í Grundaskóla situr fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar skólastjóra Grundskóla fyrir kynningu á niðurstöðum ytra mats og umbótaáætlun skólans.

Ráðið óskar skólanum til hamingju með góða niðurstöðu og hvetur skólann til áframhaldandi skólapróunar á góðu skólastarfi.

2. 1905208 - Ungt fólk 2019 - rannsókn og greining niðurstöður

Kynntar niðurstöður Rannsókna og greininga (R&G) á högum og líðan ungs fólks á Akranesi.

Sigurður Arnar situr áfram og Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra í Brekkubæjarskóla, Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs og forvarnarmála og Hildur Karen Aðalsteindóttir framkvæmdastjóri ÍA koma inn á fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir kynningu á fyrstu niðurstöðum úr rannsókn á högum og líðan ungs fólks á Akranesi.

Ráðið lýsir yfir áhyggjum sínum á þeirri breytingu sem kemur fram í niðurstöðunum.

Akraneskaupstaður hefur fengið styrk að upphæð kr. 1 milljón úr Sprotasjóði til að efla samstarf þvert á skólastigin og lagt er til að við nýtingu styrksins verði áhersla á hagi og líðan ungs fólks á Akranesi.

Lagt er til að stofnaður verði samráðsvettvangur skólanna, frístundamiðstöðvar, fulltrúi frá íþróttahreyfingunni, fulltrúi FVA og fleiri aðila til að efla samvinnu allra þeirra sem hlut eiga að máli. Fulltrúi Þorpsins og skólastjórar komi inn á fund

ráðsins í ágúst og kynna tillögu að aðgerðaráætlun.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.

Bárc Dáðadóttir
Ragnar Sæmund —
Sandra M. Siguðarsdóttir